



Ræða flutt þegar lagður var hornsteinn að nýja
Sjómannaskólanum.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Ræður – Hornsteinn – Sjómannaskólinn

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-3, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I dag var lagður hornsteinn hins nýja sjómannaskóla.

Sá, sem gengur að daglegum störfum í bænum, verður sjómannaskólans nýja eigi mikið var, en þegar til Reykjavíkur kemur, hvort heldur austan úr sveitum, landleiðis að norðan og vestan, eða utan af hafi, gnsfir þessi tígulegi skóli yfir bæinn.

Honum hefur verið fenginn sá byggingar - reitur, þaðan sem viðsýnast er, sá staður, sem hest ber og úr fjarlægð helst setur svip á bæinn.

Með þessu er gefið til kynna, að Reykjavík ðillu öðru fremur sé sjómannanna bær.

Er þetta eðlilegt eða sanngjarnat gagnvart öðrum stéttum?

Við dagleg störf í bænum verða menn af eðlilegum ástæðum sjómannanna ekki svo mjög varir.

Og fljótt á litið kann maður að verða annara atvinnugreina en sjómenskunnar eigi síður var í sögu þejarins.

Þegar Reykjavík hófst til vegs fyrir atbeina Skúla fógeta, þá átti hún fyrst og fremst að verða iðnaðarbær. Sá iðnaður varð að vísu eigi langer, en á síðari árum hefir iðnaði í bænum vaxið svo fiskur um hrygg, að hann er nú ein höfuðstoð þejarfélagsins.

Þá er Reykjavík eigi síður tengd verzluninni. Kaupstaðarréttindi fékk berinn um leið og einokuninni var af létt, og mið síðan hefir verzlun með einum eða öðrum hætti verið eitt helsta viðfangsefni borgaranna.

EKKI má heldur gleyma því, að Reykjavík er helsta setur menta og fagurra lista á landi hér. Hér sitja mæstu embættismenn og fjöldi annara opinberra starfsmanna stjórn og þing. Með öðrum orðum Reykjavík er höfuðborg Islands.

Þegar á alt þetta er litið og ýmislegt annað, er þá ekki ósanngjarnat að láta borgarana búa í því tákni, að berinn fyrst og fremst sé sjómannanna bær?

En vissulega er á engan hallað, þótt svo sé gert.

Reykjavík varð höfuðborg, hér þróðist verzlun, iðnaður og annað atvinnulíf, einungis vegna þess, hve Reykjavík lá vel við siglingum jafnvel á meðan erlendir menn einir héldu þeim uppi.

Siglingarnar hafa frá upphafi verið lífsð Reykjavíkur, en bærinn óx þá fyrst úr grasi, þegar hann öðlaðist eigin sjómannastétt. Aflinn, sem fiskimenn hafa sótt úr sjónum, er undirstaða alls þess, sem í þessum þá hefir verið byggt. Og fæmennirnir sem á íslenskum skipum hafa flutt varning á milli landa, hafa ekki aðeins aukið Öryggi borgaranna heldur einnig skilið hér eftir auð, er ella hefði orðið erlendra manna eign.

Þess vegna er það eigi nema að vonum, að einn glæsilegasti byggingarreitur í bænum hefir verið valinn fyrir skólastetur sjómannanna, svá að þetta heimkynni þeirra, er hið fyrsta, sem ferðalangur veitir athygli, er hann úr fjarlægð horfir til þejarins.

En það er eigi síður táknað, að í júní 1944 skuli vera lagður hornsteinn að þessari miklu byggingu.

Lýðveldið forna leið undir lok og landsmenn mistu frelsi sitt m.a. og ekki síst vegna þess, að þeir týndu að mestu niður siglingum.

Endurreisnarbaráttan var að verulegu leyti baráttu fyrir því að 60last skipakost, fyrst til fiskiveiða, og síðan til strand - og milli - landaferða.

Að ófreldisöldunum voru oft uppi ráðagerðir um að landamenn eignuðust einhvern skipakost. Nefndir voru skipaðar til þess svo sem árið 1702 að athuga hvort ekki væri unt, að t.d. hver landsfjórðungur fengi eitt þil-skip til fiskveiða.

En úr slíkum bollaleggингum varð ekkert, fyrr en landsmenn fóru að nokkru að ráða málum sínum sjálfir. Þegar lokið var algerri forsjá erlendra stjórnarvalda og menn fengu frjálsræði til að beita eigin manndáð og dug, þá útveguðu þeir sér sjálfir skipin, sem vanrækt hafði verið að fá þeim.

Síðan óx skipastóllinn með vaxandi sjálfreði þjóðarinnar og sjálfstæðið óx með vaxandi skipastóli.

Fiskveiðar og siglingar verður eigi aðeins grundvöllur að efnalegri hagsmld þjóðarinnar heldur einnig afl og orkugjafi til nýrra dáða, framtaks og sjálfstrausts.

Það var ekki tilviljun, að síðasta orsökin til þess, að sambandslögin 1918 voru samin og Ísland í framkvæmd losað úr ríkisheildinni dönsku, var krefa íslendinga um viðurkenningu á sínum eigin siglingarfána. Þetta var glögt tákni þess, hve sóknin út á hafið var nátengd hinni stjórn - skipulega sjálfstæðisbaráttu landsmanna.

Og það er eigi síður tákni þessa samhengis, að í sama mánuði og lýðveldið er endurreist skuli hornsteinn lagður að því húsi, sem á að gera það mögulegt, að íslenskir sjómenn fái um næstu aldir þá mentun, sem geri þá vaxna sínu mikla hlutverki.

En við skulum minnaði þess, að þótt mikilsvart sé, að þetta hús er reist, þá er þó eigi alt fengið með því. Þenn mikils verðara verkefni er enn ólokið.

Íslenskur skipastóll hefur nú um sinn eigi vaxið sem skyldi. Og verra en það. Á styrjaldarárunum hafa stór skörð verið höggvin í hann.

Hin miklu sjóslys sem valdið hafa þessum skörðum eru vissulega óbætandi.

Í þeim höfum við miat mikinn fjölda ágætra drengja sem við fáum aldrei bætt og heldur eigi grátið úr helju.

En skipatjónið má bæta. Þjóðin á nú nægra fjármuni til að afla sjálfrí og sjómönnum sínum nýrra og góðra skipa að ófriðnum loknum.

Ef vel er á haldið eignum við þess kost að búa nú svo um, að í langa hríð þurfi eigi að óttast að neinum maður farist vegna ófullkomins umbúnaðar íslensksaskips.

Það verkefni að koma upp nægum og öruggum skipaflofa, það til fiskiveiða og farmensku, er okkur sannarlega ekki of vaxið.

Til þess að svo geti orðið þarf enga opinbera styrki, það þarf hvorki að skattleggja aðra

landsmenn um eyrisvirði né undanþiggja útgerð
né sjófarendur neinum sanngjörnum álögum. Alt
sem gera þarf er það að láta útvegnum í ein -
hverju formi eftir svo mikinn hluta þessa, sem
fyrir hans tilestilli er aflað, að eðlileg endur-
nýjum og viðbót geti átt sér stað.

Við me gum deila um eignarréttinn að skipunum.
En um hitt má eigi deila, að nýrra og betri skipa
verður að afla. Um það verða allir landsmenn að
sameinast.

Með því gjöldum við ekki aðeins hinni hugræði
prúðu stétt, sem skipunum siglir, verðugar þakkir
og þó þær minstu, sem til méla geta komið. En
vér skulum heldur eigi dylja okkur þess, að
velfarnaður þejarfélags okkar, höfuðborgar Ís-
lands, er undir því kominn að við eignumst fleiri
og betri skip. En umfram alt skulum við minnast,
að öflugur sjávarútvegur og prekmikil sjómannas-
stétt hljóta stíð að verða helstu stoðir þess
lyfsveldis, sem vér á næstu dögum etlum að endur-
reisa.